



Fréttabréf Árskógar skóla



Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

39. tölublað, 4. árgangur, desember 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú....

Að í gamla daga mátti ekki spila á jólinum. Það eru leifar frá tímabili strangtrúnaðar á átjándu öld. Hjarta, spaði, tígull, lauf þú ert með opna buxnaklauf.)



Upp er runninn desember og árið brátt á enda. Við erum þakklát fyrir allar þær góðu stundir sem við höfum átt í skólanum þetta árið. Faglegt starf, umhyggja, gleði, virðing og samvinna er m.a. það sem við leggjum upp með og getum sagt að við stöndum fyrir. Við erum stolt af skólanum okkar og finnst við heppin að starfa í góðum hópi starfsfólks, nemenda og foreldra. Við þökkum samstarfið og óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs 2016.

Kveðja frá skólastjórnendum,
Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Jólafondur 1. desember

Þriðjudaginn 1. desember er jólafondur Árskógar skóla í félagsheimilinu frá kl. 16⁰⁰-19⁰⁰.

Efni til fönðurgerðar selt á staðnum auk veitinga sem foreldrafélagið sér um. Athugið að enginn posi er á staðnum.

Allir eru velkomnir og ágóði af sölu fönðurs og veitinga fer í ferða- og skemmtisjóð nemenda.

Sjáumst hress í jólaskapi.



Jóla kort

Sú skemmtilega hefð ríkir í Árskógar skóla að þeir nemendur og kennarar sem vilja, senda hver öðrum jóla kort. Börnin koma með kortin í jóla kortakassa sem staðsettur er í skólanum. Síðasti skiladagur á jóla kortum er mánudagurinn 14. desember. 5.-7. bekkur sér síðan um að flokka kortin og loks afhendir jólasveinninn kortin á litlu jólum skólans.



Litlu jólin

Föstudaginn 18. desember eru litlu jólin. Frá klukkan 09:00 til 10:30 ætlum við að hlusta á jólasögu, dansa og syngja kringum jólatré og eiga góða stund saman í félagsheimilinu. Allir nemendur fá pakka, piparkökur og mjólk/vatn. Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.

Skólaakstur á litlu jólunum:

Dalvíkurskóli	08:20
Árskógssandur	08:35
Stærri-Árskógur	08:40
Hátún	08:42
Hauganes	08:50
Heimferð	10:30



Að loknum litlu jólum fara grunnskólanemendur í jólafrí
en Kötlukot er opið til 16:00.

Jólafrí nemenda

Eftir litlu jólin þann 18. desember eru börn á grunnskólaaldri komin í jólafrí. Í ár verður Kötlukot opið til klukkan 16 á Þorláksmessu þann 23. desember og síðan fara þau í jólafrí.

Árskógarskóli er lokaður milli jóla og nýárs en opnar aftur þriðjudaginn 5. janúar samkvæmt stundaskrá.

Piparkökubakstur

Fimmtudaginn 3. desember ætlum við að baka piparkökur hér í Árskógarskóla. Við byrjum um kl: 09:45 og verðum að fram undir hádegi eða eins og deig leyfir. Foreldrar eru velkomnir að koma til okkar, baka með okkur og eiga góða stund í skólanum okkar.

Þegar piparkökur bakast, kökur.....



Jólabókadagur

Mánudaginn 7. desember mega allir koma með jólabækur að heiman sem við skoðum og lesum saman.



Viðburðadagatal desember 2015

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
	1 Jólafondur í félagsheimili 16°-19° 	2	3 Piparköku- bakstur. 	4	5	6
7 Jólabókadagur 	8	9	10 Aðventuferð 1-7 bekkjar til Akureyrar 	11	12 Stekkjars- staur 	13 Giljagaur 
14 Skiladagur korta 	15 Þvöru- sleikir 	16 Bingó 	17 Aska- sleikir 	18 Litlu jólin 09- 10:30 	19 Skyr- gámur 	20 Bjúgna- krækir 
21 	22 Gátta- þefur 	23 Þorláksmessa 	24 Aðfangadagur Lokað 	25 Jóladagur Lokað	26 Annar í jólum	27
28 Lokað Jón & Lárus 11 ára 	29 Lokað	30 Lokað	31 Gamlársdagur Lokað	1 Nýársdagur Lokað 	4. Janúar Skipulagsdagur Nemendur í fríi 	5. janúar Nemendur mæta í skólann.